

Mánudaginn 20. mars 1989.

Nr. 19/1989. **Ákærvaldið**

(Bragi Steinarsson vararíkissaksóknari)
gegn

Gísla Erlingi Kristinssyni

(Jón Steinar Gunnlaugsson hrl.).

Fiskveiðibrot. Ákæra.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðmundur Jónsson, Benedikt Blöndal, Guðrún Erlendsdóttir, Haraldur Henrysson og Hrafn Bragason.

Máli þessu var með stefnu 11. nóvember 1988 áfrýjað til Hæstaréttar að ósk ákærða. Af hálfu ákærvalds er málinu áfrýjað til þyngingar.

Atvikum er lýst í héraðsdómi.

Samkvæmt 2. mgr. 2. gr. laga nr. 81/1976, um veiðar í fiskiveiðilandhelgi Íslands, eru íslenskum skipum bannaðar veiðar með botnvörpu, flotvörpu og dragnót í fiskveiðilandhelginni nema þar sem sérstakar heimildir eru veittar til slíkra veiða í lögum þessum. Ákvæði um heimildir íslenskra skipa til veiða með botnvörpu og flotvörpu á tilteknum veiðisvæðum og veiðitímum er í 3. gr. laganna, „enda undanþiggi ráðherra ekki tiltekin svæði slíkum veiðum“. Í 5. gr. þeirra segir: „Ráðherra er heimilt að skipta veiðisvæðum milli veiðarfæra og takmarka þannig veiðiheimildir þær, sem veittar eru í lögum þessum, með því að banna notkun ákveðinna gerða af veiðarfærum á tilteknum veiðisvæðum í takmarkaðan tíma.“ Þá segir í 12. gr.: „Ráðherra setur reglur um hvað eina, sem snertir framkvæmd laga þessara, svo sem um gerð, útbúnað og frágang veiðarfæra, um lágmarksmöskvastærð netja og um lágmarksstærð þeirra fisktegunda, sem landa má. ...“ Um refsingar er mælt í 17. og 18. gr. laganna. Í 17. gr. er meðal annars kveðið á um viðurlög við brotum gegn 2. gr. og 5. gr., en í 18. gr. um viðurlög við brotum gegn 12. gr. laganna.

Í 1. gr. reglugerðar nr. 125/1979, um möskvastærð botnvörpu og flotvörpu, er sett sú meginregla að lágmarksstærð möskva í að

minnsta kosti átta öftustu metrum botnvörpu og flotvörpu skuli vera 155 millimetrar, en í öðrum hlutum þeirra 135 millimetrar. Undantekning er gerð í 2. gr. og skipum, sem stunda karfaveiðar, heimilað að nota eingöngu riðil með lágmarksmöskvastærðinni 135 mm á svæðum sem þar eru tilgreind. Samkvæmt 10. gr. varða brot gegn ákvæðum reglugerðarinnar refsingu samkvæmt ákvæðum laga nr. 81/1976. Þá segir þar að um upptöku afla fari samkvæmt ákvæðum laga nr. 32/1976, um upptöku ólöglegs sjávaraflla. Í 11. gr. segir loks að reglugerð þessi sé sett meðal annars samkvæmt ákvæðum laga nr. 81/1976.

Í ákæru er brot ákærða talið varða við 2. mgr. 2. gr. laga nr. 81/1976 og 1. gr. og 2. gr., lið a, sbr. 10. gr., reglugerðar nr. 125/1979, sbr. 1. gr. reglugerðar um fiskveiðilandhelgi Íslands, nr. 299/1975, lög nr. 44/1948, um vísindalega verndun fiskimiða landgrunnsins, og lög nr. 45/1974, um breyting á þeim lögum. Þess er krafist að ákærði verði dæmdur til refsingar samkvæmt 2. tölulið 1. mgr., sbr. 2. mgr., 17. gr. og 21. gr. laga nr. 81/1976, og til að sæta samkvæmt 3. mgr. 17. gr. sömu laga upptöku á veiðarfærum og afla. Af hálfu ákæruvalds var því lýst yfir fyrir Hæstarétti að vísun til 2. töluliðar 1. mgr. 17. gr. laga nr. 81/1976 væri augljós misritun og ætti að vera til 1. töluliðar þessarar málsgreinar, enda þannig dæmt í héraði.

Verjandi ákærða telur lagatilvísanir í ákæru rangar og varði brot ákærða við 12. gr. laga nr. 81/1976 og refsingu samkvæmt 18. gr. þeirra. Ákæruvaldið andmælir þessum skilningi. Fyrir Hæstarétti var málið reifað um þennan ágreining, sbr. 3. mgr. 118. gr. laga nr. 74/1974, um meðferð opinberra mála.

Ákærði var að botnvörpuveiðum innan fiskveiðilandhelginnar á hafsvæði, þar sem botnvörpuveiðar eru heimilar samkvæmt 3. gr. laga nr. 81/1976, og hefur því ekki brotið gegn 2. mgr. 2. gr. laga þessara. Við veiðarnar notaði ákærði botnvörpu með minni möskvum en mælt er um í 1. gr. reglugerðar nr. 125/1979. Undanþáguákvæði 2. gr. reglugerðarinnar tekur ekki til veiða á því svæði þar sem hann var að veiðum. Hann hefur því brotið gegn ákvæðum reglugerðar þessarar og unnið til refsingar samkvæmt því.

Við gildistöku reglugerðar nr. 125/1979 féll úr gildi reglugerð um sama efni, nr. 327/1978. Í þeirri reglugerð var meðal annars tekið

fram að hún væri sett samkvæmt 12. gr. laga nr. 81/1976 og brot gegn henni vörðuð refsingu samkvæmt 18. gr. þeirra laga. Á undan þessari reglugerð gildi um sama efni reglugerð nr. 290/1976 og var eins að þessu leyti. Áður höfðu reglugerðir um þetta efni verið settar samkvæmt tilsvarendi ákvæðum eldri laga. Við setningu reglugerðar nr. 125/1979 var hins vegar ekki vísað í tiltekna grein laga nr. 81/1976, en þess í stað vísað til þeirra í heild. Ekki verður það túlkað svo, að í því felist nýr skilningur á lagagrundvelli reglugerðarinnar eða að eldri reglugerðir sama efnis hafi ekki haft næga lagastöð. Verður að hafna þeirri lögskýringu ákærvaldsins að 2. gr. reglugerðar þessarar geti ekki átt stöð í 12. gr. laga nr. 81/1976, en styðjist við 2. gr., 3. gr. og 5. gr. þeirra. Á sama hátt ber að hafna þeirri lögskýringu að brot gegn reglugerð þessari varði við 17. gr. laga nr. 81/1976 og verður ekki á það fallist að ráðherra geti með reglugerðarbreytingu af þessu tagi fært brot til þyngri refsí-ákvæða en lög gera ráð fyrir.

Samkvæmt þessu ber að ákveða ákærða refsingu samkvæmt 1. mgr. 18. gr. laga nr. 81/1976, sbr. 4. gr. laga nr. 118/1984. Samkvæmt vottorði Seðlabanka Íslands jafngiltu 100 gullkrónur 3.119,32 krónum 6. mars síðastliðinn er mál þetta var dómtekið. Eins og mál þetta er vaxið þykir refsing ákærða hæfilega ákveðin sekt 320.000,00 krónur er skal samkvæmt 21. gr. laga nr. 81/1976 renna í Landhelgissjóð Íslands. Rétt þykir að fjögurra mánaða varðhald komi í stað sektar, verði hún ekki goldin innan fjögurra vikna frá birtingu dóms þessa.

Í framangreindu ákvæði 18. gr. segir að um upptöku afla fari samkvæmt lögum nr. 32/1976, um upptöku ólöglegs sjávarafla, eftir því sem við á. Í 2. gr. þeirra laga segir að ólöglegur sjávarafli skuli gerður upptækur og andvirði hans renna í sérstakan sjóð sem þar er lýst. Ákvæði greinarinnar skulu víkja fyrir ákvæðum sérlaga um upptöku afla. Skilja verður tilvísun 18. gr. laga nr. 81/1976 svo að unnt sé að leggja kröfu um upptöku ólöglegs sjávarafla beint fyrir dómstóla. Í máli þessu liggur fyrir mat dómkvaddra manna á verðmæti þess afla sem var um borð í mb. Unu í Garði, GK 100. Samkvæmt því þykir mega staðfesta niðurstöðu héraðsdóms um upptöku þessa afla, en andvirði hans skal renna í sjóð samkvæmt 2. gr. laga nr. 32/1976.

Í 18. gr. laga nr. 81/1976 felst ekki heimild til upptöku veiðarfæra nema við ítrekað brot og ber að hnekkja niðurstöðu héraðsdóms að því leyti.

Samkvæmt þessum úrslitum ber að dæma ákærða til greiðslu sakarkostnaðar í héraði að undanskildum kostnaði við mat veiðarfæra. Þá ber að dæma hann til greiðslu áfrýjunarkostnaðar málsins að $\frac{3}{4}$ hlutum eins og greinir í dómsorði. Að öðru leyti skal sakarkostnaður greiddur úr ríkissjóði.

D ó m s o r ð :

Ákærði, Gísli Erlingur Kristinsson, greiði 320.000,00 krónur í sekt til Landhelgissjóðs Íslands og komi varðhald í fjóra mánuði í stað sektarinnar, verði hún ekki goldin innan fjögurra vikna frá birtingu dóms þessa.

Afli mb. Unu í Garði, GK 100, skal upptækur og andvirði hans renna í sjóð samkvæmt 2. gr. laga nr. 32/1976.

Ákvæði héraðsdóms um upptöku veiðarfæra er hrundið.

Ákærði greiði sakarkostnað í héraði að undanskildum kostnaði við mat veiðarfæra.

Ákærði greiði áfrýjunarkostnað málsins að $\frac{3}{4}$ hlutum, þar með talin saksóknarlaun, í ríkissjóð, 50.000,00 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Jóns Steinars Gunnlaugssonar hæstaréttarlögmanns, 50.000,00 krónur.

Að öðru leyti greiðist sakarkostnaður úr ríkissjóði.

Dómur sakadóms Ísafjarðar 12. október 1988.

Ár 1988, miðvikudag 12. október, var á dómþingi sakadóms Ísafjarðar, sem haldið var í dómsal embættisins að Hafnarstræti 1 á Ísafirði af Katrínu Hilmarsdóttur, fulltrúa bæjarfógetans á Ísafirði, ásamt meðdómanda, Guðmundi Guðmundssyni framkvæmdastjóra, Silfurgötu 7, Ísafirði, kveðinn upp dómur í sakadómsmálinu nr. 645/1988: Ákærvaldið gegn Gísla Kristinssyni, sem tekið var til dóms í dag.

Mál þetta, sem þingfest var 11. október 1988 og dómtekið í dag, höfðaði ríkissaksóknari með ákæru, dags. 12. október 1988, fyrir sakadómi Ísafjarðar... „á hendur Gísla Kristinssyni, Garðsbraut 8, Garði, fæddum 26.

janúar 1938 á Þingeyri, fyrir fiskveiðibrot með því að hafa árdegis þriðjudaginn 11. október 1988 sem skipstjóri á togskipinu Unu í Garði, GK-100, skipaskráningarnúmer 1287, sem er 138 brúttórúmllestir og 29,23 lengdarmetrar, verið á botnvörpuveiðum á skipinu með botnvörpu með lágmarks-möskvastærð minni en 155 mm undan Arnarfirði, á svæði innan fiskveiðilandhelgi Íslands og langt innan þeirrar viðmiðunarlinu þar sem heimilaðar eru karfaveiðar með 135 mm lágmarksmöskvastærð.

Brot ákærða telst varða við 2. mgr. 2. gr. laga um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands, nr. 81/1976, og 1. gr. og 2. gr., tölul. A., sbr. 10. gr. reglugerðar um möskvastærð botnvörpu og flotvörpu, nr. 125/1979, sbr. 1. gr. reglugerðar um fiskveiðilandhelgi Íslands, nr. 299/1975, lög nr. 44/1948 og lög nr. 45/1974, um breyting á þeim lögum.

Þess er krafist að ákærði verði dæmdur til refsingar samkvæmt 2. tölulið, 1. mgr., sbr. 2. mgr. 17. gr. og 21. gr. nefndra laga, nr. 81/1976, og til að sæta samkvæmt 3. mgr. 17. gr. sömu laga upptöku á veiðarfærum skipsins, þar með töldum öllum dragstrengjum svo og öllum afla innan borðs, og til greiðslu alls sakarkostnaðar“.

Málsatvik.

Málavextir eru þeir samkvæmt fram lagðri skýrslu skipherrans á varðskipinu Óðni að þriðjudaginn 11. október 1988 um kl. 08.40, er varðskipið var á eftirlitsferð á Vestfjarðamiðum, kom það að mb. Unu í Garði, GK-100, þar sem báturinn var að toga í Arnarfjarðarál. Kl. 08.45 fóru 1. og 2. stýrimaður ásamt tveimur hásetum yfir í Unu, GK-100, til mælinga og búnaðarskoðunar. Kl. 09.32 tilkynntu yfirmenn varðskipsins um borð í bátnum að þeir hefðu mælt 135 mm möskvastærð í poka varavörpu bátsins og að skipstjóri hans hefði viðurkennt að sama möskvastærð væri í poka vörpunnar sem væri í sjó.

Kl. 09.38 var gerð eftirfarandi staðarákvörðun í kjölvatni GK100: Fjalla-skagi fj. 14,5 sjómílar, Kópanes fj. 13,2 sjómílar. Þessi staðarákvörðun gaf GK 100 stað um 20,3 sjómílar innan karfalinunnar.

Kl. 09.46 var gerð eftirfarandi staðarákvörðun við hlið GK100: Fjalla-skagi fj. 14,7 sjómílar, Kópanes fj. 12,9 sjómílar. Þessi staðarákvörðun gaf GK 100 stað um 24,4 sjómílar innan karfalinunnar.

Framangreindar staðarárvarðanir voru báðar unnar af Ó.K. (Ómari Karlssyni yfirstýrimanni) og H.S. (Höskuldi Skarphéðinssyni skipherra). Voru þær gerðar á Sperry M.K.-16 ratsjá og fjarlægðarhringir bornir saman við þá föstu og reyndust réttir.

Á tímabilinu frá kl. 09.50 til 11.40 var gerð mæling á vörpu Unu í Garði, GK-100, sem staðfesti að við vörpuna var svonefndur karfapoki, möskvastærð 135 mm.

Var skipstjóra GK 100 sagt að halda til Ísafjarðar, þar sem málið yrði rannsakað frekar.

Vitnið Höskuldur Skarphéðinsson, skipherra á varðskipinu Óðni, kom fyrir dóm og staðfesti framangreinda skýrslu sína að öðru leyti en því að hann taldi að síðari staðarákvörðun væri misrituð í skýrslu sinni, en þar stendur að síðari staðarákvörðun sé 24,4 sjómíllur innan karfamarka, en rétt staðarákvörðun eigi að vera 20,4 sjómíllur innan greindra marka.

Vitnið kvaðst sjálft hafa unnið að gerð staðarákvörðunar ásamt Ómari Karlssyni yfirstýrimanni.

Vitnið kvaðst hafa lagt fyrir skipverja á varðskipinu að mæla möskvastærð á botnvörpu. Annars vegar hafi verið framkvæmdar mælingar á varavörpu og hins vegar á aðalvörpu og séu niðurstöður þessara mælinga á dskj. nr. 4. Kvaðst vitnið hafa lagt fyrir skipverja að mæla a.m.k. 20 möskva eftir síðum upp miðjan pokann og á sama hátt sitt hvorum megin við leysi.

Vitnið Ómar Karlsson, yfirstýrimaður á varðskipinu Óðni, kom fyrir dóm. Kvaðst vitnið hafa átt þátt í gerð skýrslunnar á dskj. nr. 1 og kvað það efni hennar vera rétt utan þess að síðari staðarákvörðun væri rangt tilgreind í skýrslunni. Hún eigi að vera 20,4 sjómíllur, en ekki 24,4 sjómíllur innan karfamarka.

Vitnið Guðmundur Emil Sigurðsson, 1. stýrimaður á varðskipinu Óðni, kom fyrir dóminn. Kvaðst vitnið hafa átt þátt í samningu skýrslunnar á dskj. nr. 1 og kvað það efni hennar vera rétt. Vitnið kvaðst hafa unnið að mælingu á möskvastærð aðaltrollsins og staðfesti það mælingar sem skráðar eru í skýrslu um þær mælingar.

Vitnið kvað Friðrik H. Friðriksson, 2. stýrimann, og hásetana Guðmund Valdimarsson og Kristin Óskarsson hafa staðið að mælingum á aukatrolli og hafi þeir aðstoðað sig við mælingar á aðaltrolli.

Þá kom fyrir dóminn sem vitni Friðrik Hermann Friðriksson, 2. stýrimaður á varðskipinu Óðni. Kvaðst vitnið hafa ásamt öðrum skipverjum varðskipsins unnið að mælingum á varavörpu og aðalvörpu. Vitnið staðfesti sem réttar mælingar á vörpunum sem greindar eru á dskj. nr. 4.

Vitnið Höskuldur Skarphéðinsson kom aftur fyrir dóm síðar sama dag. Hafði vitnið meðferðis skipsdagbók og lagði fram ljósrit úr dagbókinni. Í skipsdagbókinni er síðari staðarákvörðun tilgreind 20,4 sjómíllur innan línu og er sú mæling í samræmi við mælingar sem gerðar voru í réttinum á sjókorti á dskj. nr. 2.

Ákærði kom fyrir dóm sama dag. Kvað hann bátinn hafa verið á kola-veidum, en kvaðst ekki muna staðarákvörðun bátsins er varðskipið hafði afskipti af honum. Kvaðst hann viðurkenna að hafa verið á veiðum á svæði þar sem möskvastærð 135 mm er ólögleg.

Ákærði kvað möskvastærð botnvörpunnar hafa verið undir 155 mm og telur að hún hafi haft möskvastærð 135 mm eins og fram hafi komið í mælingum varðskipsmanna á botnvörpunni. Hann kvaðst ekki mótmæla þeirri mælingu.

Ákærði kom aftur fyrir dóm í dag og var honum þá birt framangreind ákæra. Ákærði viðurkenndi að hafa brotið af sér svo sem greinir í ákæru og kvaðst ekkert frekar hafa um málið að segja og vildi engar athugasemdir gera við skjöl málsins.

Með framangreindri skýrslu skipherrans fylgdi sjókort þar sem staðsetningar bátsins eru markaðar og eru þær í samræmi við þær staðarákvarðanir sem skráðar eru í skipsdagbók varðskipsins. Gefur önnur staðarákvörðunin bátnum stað 20,3 sjómílur innan karfalínunnar og hin 20,4 sjómílur innan þeirra marka.

Einnig fylgdi með skýrslunni skýrsla um mælingar á möskvastærð aukatrolls og aðaltrolls. Á fyrstu síðu eru mælingar á möskvum aukatrolls og á síðu tvö og þrjú eru mælingar á möskvum aðaltrolls. Er skýrsla þessi merkt sem dómskjál nr. 4.

Samkvæmt skýrslu þessari voru gerðar mælingar á 40 möskvum aukatrolls. Sex möskvar af mældum reyndust vera 155 mm eða stærri, en 34 reyndust vera undir 155 mm.

Á aðaltrolli voru mældir 120 möskvar og af þeim reyndust samkvæmt skýrslunni sex möskvar vera um og yfir 155 mm að stærð og 114 undir þeim mörkum. Í flestum tilvikum reyndist stærð möskvanna vera á bilinu 135 - 145 mm, 94 möskvar af þeim sem mældir voru.

Niðurstaða.

Með hliðsjón af játningu ákærða og framburði vitna svo og öðru því, sem fram hefur komið í málinu, þykir sannað að ákærði hafi gerst sekur um háttsemi þá sem honum er gefin að sök í ákæru og þar er réttilega færð til lagaákvæða.

Samkvæmt sakavottorði hefur ákærði á árunum 1960 til 1987 átta sinnum gengist undir dómsátt vegna ölvunar- og umferðarlagabrota. Þá hefur hann og tvívegis hlotið dóma vegna ölvunar við akstur og verið sviptur ökuleyfi ævilangt.

Ákvörðun viðurlaga.

Með framangreindri háttsemi sinni hefur ákærði unnið sér til refsingar samkvæmt 1. tl. 1. mgr., sbr. 2. mgr. 17. gr., sbr. 21. gr. laga nr. 81/1976, þar sem mb. Una í Garði, GK 100, er 29,23 lengdarmetrar og 138 brúttórúmllestir.

Í vottorði Seðlabanka Íslands, dagsettu í dag, segir, að samkvæmt gullgildi 12. október 1988 jafngildi 100 gullkrónur 2.827,21 krónum.

Refsing ákærða þykir hæfilega ákveðin sekt til Landhelgissjóðs Íslands, 282.000,00 krónur, sem greiðist innan fjögurra vikna frá birtingu dómsins, ella sæti ákærði varðhaldi fjóra mánuði.

Þá ber samkvæmt 3. mgr. 17. gr., sbr. 21. gr., laga nr. 81/1976 að gera upptæk til Landhelgissjóðs Íslands veiðarfæri mb. Unu í Garði, GK 100, þar með talda alla dragstrengi, svo og allan afla innan borðs.

Loks ber að dæma ákærða til að greiða allan kostnað sakarinnar.

Dóm þennan kváðu upp Katrín Hilmarsdóttir, fulltrúi bæjarfógetans á Ísafirði, og meðdómsmaðurinn Guðmundur Guðmundsson framkvæmdastjóri.

D ó m s o r ð:

Ákærði, Gísli Kristinsson, greiði sekt, 282.000,00 krónur, til Landhelgissjóðs Íslands og komi varðhald fjóra mánuði í stað sektar, verði hún ekki greidd innan fjögurra vikna frá birtingu dóms þessa.

Afli og veiðarfæri mb. Unu í Garði, GK 100, skulu vera upptæk til Landhelgissjóðs Íslands.

Ákærði greiði allan kostnað sakarinnar.

Dómi þessum ber að fullnægja með aðför að lögum.
